

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2001.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2001 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2001.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 9. janúar 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 2001.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2000 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2001. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Eindagi er einum mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2001 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 11,0% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr. er honum þar að greiða á árinu 2000. Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur, sérstakur eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 2001 en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald, eignarskatt og sérstakan eignarskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2001 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnslustigi.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli áronna 1999 og 2000 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1999. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.